

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/821*  
*komudagur 21.1.2003*

Til Nefndarsviðs Alþingis

Reykjavík, 16. janúar 2003

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands eldri borgara um frumvarp til laga um húsnæðissamvinnufélög, 396. mál.

Þar sem um er að ræða nýja heildarlöggjöf í mjög mikið breyttu umhverfi félagslegra íbúðabygginga er kannski óvarlegt að kveða mjög fast að um væntanlega þýðingu málsins. Ekki liggja heldur fyrir tillögur Félagsmálaráðuneytisins um fyrirmynd að samþykktum fyrir húsnæðissamvinnufélög. Slíkar samþykktir geta væntanlega haft afgerandi áhrif á hve fýsilegur kostur húsnæðissamvinnufélög verða.

Augljóslega þarf nokkuð skýr laga og reglugerðaákvæði um svona starfsemi, en það myndi vitanlega líka vanta um fleiri form sameignaríbúða, eins og t.d. þær íbúðir sem byggðar hafa verið í tengslum við starfandi hjúkrunar og dvalarheimili fyrir aldraða.


Ekki er ljóst hvort ákvæði umræddra laga gætu átt við um þær íbúðir. T.d. er ekki ljóst hvort ákvæði 16. gr. um setningu reglna um viðhaldssjóð og viðhaldsráð gætu átt þar við. Mörg fleiri ákvæði laganna t.d. 26. greinar þyrfti einnig að athuga hvort við gæti átt í slíkum samfélögum.

Eins og vakin er athygli á í greinargerð með frumvarpinu er innlausnarskylda húsnæðissamvinnufélaga með frumvarpi þessu afnumin. Með því er trúlega verið að færa verulega áhættu af félögunum yfir á búseturéttarhafa. Þarna er um stórt skref að ræða sem vel þarf að skoða og afleiðingar þess.

Til þess gefst stjórn LEB ekki tóm fyrir tiltekin frest til að skila inn umsögn um frumvarp þetta.

Þess vegna verður ekki á þessu stigi af okkar hálfu tekin efnisleg afstaða til málsins í heild, en hvatt til ítarlegrar skoðunar þess í þingnefnd áður en til afgreiðslu kemur á Alþingi.

F.h. Landssambands eldri borgara



Benedikt Davíðsson